

Klippikort

Síðast uppfært 21/08/2026 4:33 pm BST

Stofna klippikort

Til þess að stofna klippikort í kerfinu byrjar þú á því að fara í **Valmyndina -> Sala -> Stillingar gjafabréfa**. Þar smellir þú á bláa "+ Bæta við" hnappinn.

Klippikort

Klippikort eru inneignarkort fyrir endurtekinni þjónustu. Í hvert skipti sem kortið er notað, fækkar skiptunum sem eftir eru á því. Þessi kort eru kjörin til að gefa viðskiptavinum magnafslátt.



Engin klippikort

[+ Bæta við](#)

Þar setur þú inn upplýsingarnar sem þú vilt að komi fram á klippikortinu. Þú byrjar á því að tengja klippikortið við ákveðna þjónustu. Næst bætir þú við titli, velur fjölda skipta og gildistímann á því.

Verðgildið á klippikortinu tengist verðinu á þjónustunni og fjölda skipta sem þú velur. Þú ræður síðan hvort þú hafir söluverðið sama verð eða eitthvað annað. Þetta er til dæmis sniðugt að nota ef þú vilt gefa viðskiptavinum magnafslátt.

Síðan setur þú inn lýsingu á klippikortinu sem birtist í netsölunni og einnig texta sem birtist á klippikortinu sjálfu.

Nýtt klippikort

×

Upplýsingar

Útlit

Selja á netinu

⬆

Almennt

Þjónusta ?Ekkert valið ▾

TitillBæta við🌐

Fjöldi skipta- 1 +

Gildistími4 ár ▾

Verðlagning

Verðgildi ?0 ISK

Söluverð ?0 ISK >

Lýsing á gjafabréfinu í netsölu ?Bæta við🌐

Texti sem birtist á gjafabréfi ?Bæta við🌐

Næst er að breyta útlitinu á klippikortinu. Þú getur sett inn myndir og valið bakgrunnslit sem þú vilt hafa. Þú getur einnig skoðað sýnidæmi um það hvernig klippikortið myndi lýta út fyrir viðskiptavininn.

Nýtt klippikort

×

Upplýsingar

Útlit

Myndir og bakgrunnslitur

+

Mynd efst á gjafabréfi (1:1)

smelltu á plúsinn eða dragðu mynd hingað

Sýnidæmi um texta- og bakgrunnslit

+

Mynd neðst á gjafabréfi (2:1)

smelltu á plúsinn eða dragðu mynd hingað

Sýnidæmi um gjafabréf

↓

Sækja

Selja klippikort á netinu

Til þess að geta selt klippikort á netinu þá þarftu að byrja á því að setja upp greiðslugátt hjá færsluhirði. Þú getur sótt um greiðslugátt með því að fylla út [þetta form](#).

Þegar greiðslugáttin er tilbúin þá þarftu einfaldlega að fara inn í klippikortið og haka í "Selja á netinu".

Breyta klippikorti

×

UpplýsingarÚtlit

Selja á netinu

Almennt

Þjónusta

Endurkoma

Titill

Endurkoma

1

Fjöldi skipta

5

Gildistími

4 ár

Innleysa klippikort

Ef þú ert að nota sölukerfið opnarðu tímabókunina og velur **Afgreiða → Greiða →** velur greiðslumátann **gjafabréf** og setur þar inn kóðann á gjafabréfinu. Þú getur fundið lista yfir öll gjafabréf/klippikort og kóðanum á þeim í **Valmyndinni -> Sala -> Gjafabréf**.

 Gjafabréf

Borga með gjafabréfi

×

Númer

Skrifaðu inn númer eða skannaðu gjafabréf

SleppaHalda áfram

Ef viðskiptavinurinn er tengdur við klippikortið mun það koma sjálfkrafa undir **inneign** í söluferlinu.

Til greiðslu:

ISK 18,000

Af 18.000 ISK

Inneign



Klippikort
Íþróttanudd

5/5

Greiðslumáti:



Greiðsla í síma



Greiðslukort



Peningar



Meira



Athugið að viðskiptavinurinn verður að vera bókaður í sömu þjónustu og klippikortið er tengt. T.d. má hann ekki vera bókaður í þjónustuna **Heilsunudd** en eiga klippikort fyrir **Íþróttanuddi**. Þá þarf að byrja á því að breyta þjónustunni á bókuninni til þess að geta notað klippikortið.



Ef fyrirtækið þitt leyfir fyrirframgreiðslur við bókun þá getur viðskiptavinurinn líka notað klippikortið sitt við bókun og þá þarft þú ekkert að pæla meira í tímanum. Í þessari [hjálpargrein](#) förum við yfir valmöguleikana sem fyrirframgreiðslur bjóða upp á.

Staðan á klippikortum

Þú getur skoðað stöðuna á öllum klippikortum sem þú hefur selt með því að fara í **Valmyndina -> Sala -> Gjafabréf**. Þar sérðu lista yfir öll þau klippikort og gjafabréf sem hafa verið stofnuð í kerfinu.

Gjafabréf									
Q Leitaðu...									
Númer	Tíðill	Innihald	Eftirstöðvar	Söluverð	Keypti	Gilt þangað til	Kúnni	Staða	
TZKQSA	Íþróttanudd	5 x Íþróttanudd	5 skipti	10 ISK	21. ágú 2026	21. ágú 2030	Noona test	Aldrei notað	...
2XUYLF	-	10 ISK	10 ISK	10 ISK	23. júl 2026	23. júl 2030	Tinna Jóhannsdóttir	Aldrei notað	...
E8ZN2G	-	10.000 ISK	10.000 ISK	10.000 ISK	22. júl 2026	22. júl 2030	Noona test	Aldrei notað	...
9LW8FY	Litun & klipping	6 x Hárlitun	6 skipti	6 ISK	22. júl 2026	22. nóv 2026	Noona test	Eytt	...
02ANPP	Litun & klipping	5 x Hárlitun	5 skipti	5 ISK	22. júl 2026	22. nóv 2026	Noona test	Aldrei notað	...
2DQRLB	-	5.000 ISK	5.000 ISK	5.000 ISK	22. júl 2026	22. júl 2030	-	Aldrei notað	...

Ef þú ert með einhverjar spurningar ekki hika við að hafa samband í gegnum spjallbúðbluna. Hlökkum til að heyra frá þér! ❤️